

See discussions, stats, and author profiles for this publication at: <https://www.researchgate.net/publication/242659918>

Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra framhaldsskólanema árin 1992 og 2000 og alþjóðlegur samanburður á sjálfsvígstíðni með...

Article · September 2002

CITATIONS

0

READS

154

2 authors:



Thoroddur Bjarnason

University of Iceland

113 PUBLICATIONS 4,772 CITATIONS

SEE PROFILE



Inga Dora Sigfusdottir

Reykjavík University

308 PUBLICATIONS 132,141 CITATIONS

SEE PROFILE



Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna:

Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra framhaldsskólanema
árin 1992 og 2000 og alþjóðlegur samanburður
á sjálfsvígstíðni meðal 15-24 ára ungmenna 1951-2000

Póroddur Bjarnason
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir

Sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna:

Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra framhaldsskólanema
árin 1992 og 2000 og alþjóðlegur samanburður
á sjálfsvígstíðni meðal 15–24 ára ungmenna 1951–2000

Póroddur Bjarnason
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir
Inga Dóra Sigfúsdóttir

Reykjavík
Landlæknisembættið
September 2002



RANNSÓKNIR & GREINING EHF


Icelandic Center for Social Research and Analysis

© Rannsóknir og greining ehf.
Útgefandi: Landlæknisembættið
ISBN 9979-9182-4-1

*Rit þetta má ekki afrita, svo sem með ljósmyndun,
prentun hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án leyfis Rannsókna & greiningar ehf.*

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
Skráð sjálfsvíg meðal íslenskra ungmenna í alþjóðlegum samanburði	11
Samanburður við önnur Norðurlönd	12
Samanburður við önnur Evrópulönd	14
Önnur iðnríki	16
Samantekt um þróun skráðra sjálfsvíga meðal ungmenna	18
Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna	21
Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra skólanema	22
Samantekt um sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna	24
Einkenni þeirra sem hafa gert sjálfsvígstilraun	26
Bakgrunnsbreytur	26
Félagsleg einangrun	28
Vímuefnaneysla	29
Sjálfsvígsatferli annarra	29
Flokkun og skýrð dreifing	29
Samantekt á einkennum þeirra sem gert hafa sjálfsvígstilraunir	30
Umræða	33
Rannsóknir á sjálfsvígsatferli sem stutt gætu forvarnarstarf	34
Heimildir	37



SÍMINN

styrkir þessa útgáfu

Formáli

Öll samfélög eiga sér feimnismál, málefni sem erfitt er að ræða, eru sveipuð þagnarhjúp og því erfitt að skilgreina, skýra og forðast. Sjálfsvíg hafa lengi verið í þessum flokki, bæði hér á landi og í nálægum löndum. Sjálfsvígstíðni hérlandis er nálægt meðaltali nágrannalanda, en hér hafa þó orðið faraldrar sjálfsvíga sem erfitt hefur reynst að skýra til hlítar. Þjóðfélagsumræða um þennan skelfilega vanda hefur þó breyst og hefur hin síðari ár verið opnari en áður. Mjög margt er á huldu um orsakir sjálfsvíga þótt sterkustu áhættuþættirnir séu þunglyndi og neysla fíkniefna. Á vegum Landlæknisembættisins er hafið skipulegt starf sem miðar að því að auka þekkingu okkar og skilning á sjálfsvígum með það að markmiði að reyna að draga úr þeim. Er þar að sjálf-sögðu stuðst við þekkingu sem aflað hefur verið úr víðtækum rannsóknum víðs vegar um heim. Segja má að flestar þjóðir í nálægum löndum séu á svipuðu reki og við hvað þetta snertir. Engin einföld lausn er í sjónmáli, vandinn er einfaldlega flóknari en svo.

Sú greinargerð sem hér er fylgt úr hlaði er lóð á vogarskálar aukinnar þekkingar á þessu sviði. Rannsóknin var gerð meðal íslenskra framhaldsskólanema árin 1992 og 2000 af fyrirtækinu Rannsóknir og greining ehf. Góð samvinna hefur tekist milli rannsóknarhópsins, sem við fyrirtækið starfar, og Landlæknisembættisins um ýmis konar lýðheilsuathuganir.

Í greinargerðinni er sjálfsvígstíðni í ýmsum löndum borin saman við ástand hérlandis undanfarin 50 ár. Rannsóknin beindist þó einkum að útbreiðslu sjálfsvíga og sjálfsvígshugleiðinga meðal ungs fólks hérlandis og kynnum þeirra af slíkum vandamálum í nánasta umhverfi sínu. Ein meginniðurstaða þessarar athugunar er sú að félagsleg einangrun, vímuefnaneysla og sjálfsvígsatferli annarra, sem nærri viðkomandi standa, eru allt sjálfstæðir áhættuþættir sem auka líkur á sjálfsvígstilraunum framhaldsskólanema. Niðurstöður þessar verða gagnlegar fyrir frekara þróunarstarf til varnar gegn sjálfsvígum.

Rannsóknin sem hér er kynnt og útgáfa hennar hefur notið dyggilegs stuðnings Símans og hefur þar tekist einlægt samstarf sem ég leyfi mér að færa fyrirtækinu þakkir fyrir. Síminn hyggst koma að frekara forvarnarstarfi á þessu sviði og mun m.a. styðja útgáfu upplýsingabæklinga um vandann og símaþjónustu sem virk verður allan sólarhringinn fyrir fólk í vanda. Tilraunir til að stemma stigu við sjálfsvígum eru ekki einkamál þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustunni, vandinn er mun víðtækari en svo. Hliðstætt ýmsum öðrum þáttum sem lúta að lýðheilsu þarf samfélagið allt að leggjast á eitt í því efni.

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Inngangur

Meðal 15-24 ára ungmenna á Vesturlöndum létust að jafnaði 88 af hverjum 100.000 piltum og 22 af hverjum 100.000 stúlkum með voveiflegum hætti á hverju ári á tímabilinu 1951-2000 (Messner, Bjarnason og Raffalovich, 2002). Tíðni sjálfsvíga meðal þessa hóps var að jafnaði um 15 pr. 100.000 pilta, en um 5 pr. 100.000 stúlkur. Stúlkur eru því fórnarlömb fjórðungs allra voveiflegra dauðsfalla, en þriðjungs allra sjálfsvíga. Á þessu tímabili jókst tíðni sjálfsvíga marktækt meðal pilta, en tíðni sjálfsvíga meðal stúlkna stóð í stað.

Í kjölfar bylgju sjálfsvíga meðal íslenskra pilta sem náði hámarki árið 1991 beindist athygli ýmissa hérlandra aðila að rannsóknum á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum. Með þingsályktun árið 1992 stofnaði Alþingi til nefndar um rannsóknir á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi. Í lokaskýrslu nefndarinnar (1996) var byggt á erlendum heimildum, gögnum frá Landlæknisembættinu og öðrum opinberum aðilum og niðurstöðum innlendra rannsókna á þessu sviði. Þær rannsóknir beindust að ýmsum þáttum þessa vanda, svo sem þróun skráðra sjálfsvíga á undanförunum áratugum (Jón G. Stefánsson, Helga Hannesdóttir og Eiríkur Lindal, 1994; Kristinn Tómasson og Tómas Zoëga, 1993; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Guðríður Sigurðardóttir, 1991; Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1994b), sjálfsvígstilraunum meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 1994a; Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1994, 1998), örlögum þeirra sem gert hafa tilraun til að fyrirfara sér (Jóhanna M. Sigurjónsdóttir o.fl., 1993) og aðstandendum þeirra sem hafa framið sjálfsvíg (Wilhelm Norðfjörð, 1993, 2001).

Frá sjónarmiði lýðheilsu og forvarnarstarfs er mikilvægt að hafa nánar gætur á þróun sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna meðal ungs fólks og leitast við að bera kennsl á þætti sem geta skýrt eða spáð fyrir um slík vandamál. Andleg vanlíðan á borð við þunglyndi, vonleysi og alvarlegan skort á sjálfstrausti er í flestum tilvikum undanfari sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna (sjá t.a.m. Gispert o.fl., 1985; Kienhorst o.fl. 1990, Simonds, McMahon og Armstrong, 1991; Spirito, Overholser og Hart, 1991; Þóroddur Bjarnason, 1994). Sjálfsvígstilraunir og önnur merki andlegrar vanlíðanar eru jafnframt nátengd félagslegu umhverfi og öðrum þáttum í lífi ungs fólks (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Þannig spá þættir á borð við námsörðugleika, félagslega einangrun, sundurlyndi í fjölskyldu og neyslu tóbaks, áfengis og ólöglegra vímuefna

að nokkru fyrir um sjálfsvígstilraunir og sjálfsvígshugleiðingar meðal unglinga.

Sá vandi sem sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum fylgir er ekki takmarkaður við fjörtjón þeirra sem í hlut eiga. Slíkt sjálfsvígsatferli getur einnig haft alvarleg andleg, félagsleg og jafnvel líkamleg áhrif á vini og aðstandendur, og geta slík áhrif staðið árum eða jafnvel áratugum saman (McIntosh, 1996). Í þessu sambandi má sérstaklega geta stórauðinnar hættu á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum meðal þeirra sem orðið hafa fyrir sjálfsvígum eða sjálfsvígstilraunum annarra (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Slík margfeldisáhrif kunna að skýra að hluta til hvernig sjálfsvígsbylgjur breiðast út landfræðilega, ná ákveðnu hámarki og fjara út þegar fram líða stundir (Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Guðríður Sigurðardóttir, 1991; Wilhelm Norðfjörð, 2001).

Í þessari skýrslu er athyglinni beint að sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum meðal ungs fólks á Íslandi. Þetta verkefni var unnið á vegum rannsóknarmiðstöðvarinnar Rannsókna og greiningar að tilhlutan Landlæknisembættisins. Skýrslan byggir á niðurstöðum rannsóknarverkefnisins Ungt fólk á Íslandi frá árunum 1992 og 2000 og gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um dánarorsakir í aðildarlöndum hennar á árunum 1951-2000. Gagnaöflun vegna Ungs fólks á Íslandi var unnin með tilstyrk Áfengis- og vímuvarnaráðs, dómsmálaráðuneytis, Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur, menntamálaráðuneytis og Rauða kross Íslands með ómetanlegri aðstoð skólastjórnenda, kennara og nemenda í skólum landsins. Félagsfræðideild Háskólans í Albany í Bandaríkjunum (University at Albany, SUNY) veitti styrk til öflunar og úrvinnslu gagna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Við gerð skýrslunnar nutu höfundar ráðlegginga og athugasemda Heru Hallberu Björnsdóttur, Salbjargar Bjarnadóttur, Sigurðar Guðmundssonar landlæknis, Svandísar Nínu Jónsdóttur og Þórólfs Þórlindssonar.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er litið til skráðra sjálfsvíga í ýmsum löndum frá 1951 til síðustu ára 20. aldar. Tíðni og þróun sjálfsvíga meðal íslenskra pilta og stúlkna er borin saman við tíðni og þróun sjálfsvíga meðal jafnaldra þeirra á Norðurlöndum, í fjölmönnum Evrópulöndum og í völdum iðnríkjum utan Evrópu. Í öðrum hluta skýrslunnar er athyglinni beint að ýmsu sjálfsvígsatferli meðal íslenskra ungmenna, svo sem útbreiðslu sjálfsvígshugleiðinga og sjálfsvígstilrauna meðal ungs fólks eftir aldri, árgöngum og tímасkeiðum. Jafnframt verður hugað að reynslu þessara ungmenna af sjálfsvígshugleiðingum, sjálfsvígstilraunum og sjálfsvígum annarra. Í þriðja hluta skýrslunnar eru líkindi sjálfsvígstilrauna metin með tilliti til skorts á tengslum við vini og fjölskyldu, neyslu löglegra og ólöglegra vímuefna og áhrifum af sjálfsvígshæðan annarra. Að lokum verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og bent á nokkur mikilvæg framtíðarverkefni í rannsóknum á þessu sviði.

Skráð sjálfsvíg meðal íslenskra ungmenna í alþjóðlegum samanburði

Notkun opinberra gagna um sjálfsvíg eru nokkrum vandkvæðum bundin. Bent hefur verið á að raunveruleg tíðni sjálfsvíga sé að líkindum nokkuð vanskráð (Douglas, 1967; van Poppel og Day, 1996), einkum í þeim samfélögum og meðal þeirra hópa sem harðlega fordæma sjálfsvíg. Í þessu sambandi hefur verið bent á að sum skráð slys kunni í raun að vera dulin sjálfsvíg, þótt útilokað kunni að vera að sýna fram á slíkan ásetning (Cutler, Glaeser og Norberg, 2000; Douglas, 1967; Phillips, 1979). Af þessum sökum er varasamt að túlka opinber gögn sem nákvæma talningu sjálfsvíga í einstökum löndum eða á ákveðnum árum.

Slíkar tölur geta engu að síður gefið allgóða mynd af þróun sjálfsvíga í alþjóðlegum samanburði og tengslum þeirra við ýmsa félagslega þætti. Til dæmis sýndi tímamótarannsókn á vinnubrögðum við útgáfu dánarvottorða og skráningu vafatilvika í Bandaríkjunum fram á að þótt nokkuð væri um misskráningar og kerfisbundnar villur í skráningu sjálfsvíga, virtust slíkar villur einungis leiða til vanmats á sambandi sjálfsvíga við félagslega þætti (Pescosolido og Mendelsohn, 1986). Þess fundust engin merki að kerfisbundnar villur leiði til sýndarsambanda við slíka þætti. Niðurstöður slíkra aðferðafræðilegra rannsókna á vinnubrögðum við skráningu sjálfsvíga renna stoðum undir rannsóknir á félagslegum orsökum sjálfsvíga sem byggðar hafa verið á opinberum gögnum (sjá t.a.m. Chandler og Tsai, 1993; Cutright og Fernquist, 2000; Iversen o.fl., 1987; Rossow, 1993; Schmidtke o.fl. 1999; Stack, 2000b; Yang, 1992).

Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var sjálfsvígstíðni meðal 15-24 ára íslenskra ungmenna á tímabilinu 1951-1995 að meðaltali tæp 19 pr. 100.000 pílta ár hvert, en tæp tvö pr. 100.000 stúlkur á þessum aldri. Meðaltíðni sjálfsvíga íslenskra pílta á þessu tímabili er því nokkru hærri en meðal jafnaldra þeirra í öðrum vestrænum ríkjum, en nokkru lægri meðal íslenskra stúlkna í samanburði við erlendar jafnöldur þeirra.

Tíðni sjálfsvíga meðal íslenskra ungmenna breytist töluvert milli ára, þar sem nokkuð munar um hvert sjálfsvíg í einstökum aldursþópum innan tiltölulega fámennra samfélaga á borð við Ísland. Sjálfsvígstíðni er jafnframt breytilegri í tiltölulega einsleitum samfélögum þar sem sjálfsvígsbylgjur virðast eiga auð-

veldara með að ná sér á strik. Þannig eru 31 ár á þessu 45 ára tímabili þar sem engin sjálfsvíg eru skráð meðal íslenskra stúlkna og tvö ár þar sem engin sjálfsvíg eru skráð meðal íslenskra pilta. Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) var sjálfsvígstíðni meðal íslenskra ungmenna hæst árið 1991, en það ár frömdu 13 piltar á aldrinum 15–24 ára sjálfsvíg. Það ár voru ríflega 21 þúsund íslenskir piltar í þeim aldurshópi og samkvæmt alþjóðlegum staðli telst umreiknuð sjálfsvígstíðni 15–24 ára pilta árið 1991 því vera um 61 pr. 100.000.

Skammtímasveiflur í sjálfsvígstíðni torvelda nokkuð sýn á þá langtímaþróun sem undir þeim býr. Öflugar tölfræðiaðferðir geta greint á milli slíkra skammtímasveiflna og langtímaþróunar í sjálfsvígstíðni og metið tölfræðilega marktækni beggja ferla (Messner, Bjarnason og Raffalovich, 2002). Í þessari skýrslu eru breytingar í sjálfsvígstíðni meðal ungmenna á Íslandi í samanburði við önnur lönd skoðaðar myndrænt, en marktækni tölfræðilegrar greiningar er aðeins getið þar sem við á. Til að jafna sveiflur milli ára og draga fram langtímaþróun sjálfsvíga er brugðið á það ráð að nota fimm ára meðaltöl í stað tíðni hvers árs¹. Þótt sveiflur séu umtalsvert minni í þeim löndum sem borin eru saman við Ísland hér á eftir, er sömu aðferð beitt til að jafna sveiflur innan þeirra með sambærilegum hætti.


Samanburður við önnur Norðurlönd

Á mynd 1 má sjá þróun sjálfsvíga meðal 15–24 ára íslenskra pilta í samanburði við jafnaldra þeirra á öðrum Norðurlöndum. Að jafnaði eru sjálfsvíg meðal pilta algengari í Finnlandi en í hinum löndunum. Fimm ára meðaltíðni sjálfsvíga meðal finnskra pilta var hæst árin 1989 og 1990, um 50–51 pr. 100.000 (árleg tíðni er ekki sýnd á myndum). Tíðni sjálfsvíga meðal íslenskra pilta sveiflast umtalsvert á þessu tímabili. Tíðni þeirra er yfirleitt hærri en meðal norskra pilta en alltaf lægri en meðal pilta í Finnlandi. Fimm ára meðaltöl á Íslandi ná aldrei samsvarandi meðaltölum í Finnlandi, þótt umtalsvert hafi dregið saman með löndunum tveimur á tímabilinu 1984–1991.

Fram undir 1981 var tíðni sjálfsvíga pilta á Íslandi svipuð því sem gerðist í Danmörku og Svíþjóð. Þannig var tíðni sjálfsvíga árið 1981 um 14 pr. 100.000 pilta í Svíþjóð, um 17 í Danmörku, en um 18 á Íslandi (árleg tíðni er ekki sýnd á myndum). Eftir það aukast sjálfsvíg umtalsvert á Íslandi og í Finnlandi, en standa í stað eða lækka í Danmörku og Svíþjóð. Af þeim sökum dregur umtalsvert í sundur með löndunum á síðasta hluta tímabilsins.

¹ Hér er um að ræða svonefnt *moving average*, þar sem fyrir hvert ár er tekið meðaltal þess árs, tveggja undangenginna og tveggja eftirfarandi ára. Fyrir næstfyrsta (og næstsíðasta) ár er notað fjögurra ára meðaltal þess árs, undangengis (eftirfarandi) árs og tveggja eftirfarandi (undangenginna) ára. Fyrir fyrsta (og síðasta) ár tímabilsins er notað þriggja ára meðaltal þess árs og tveggja eftirfarandi (undangenginna) ára.

MYND 1: Sjálfsvíg meðal pilta á Norðurlöndum (5 ára meðaltöl)



Sjálfsvíg meðal pílta í Noregi fylgja nokkuð svipuðu mynstri og á Íslandi og í Finnlandi þótt tíðni þar sé í nær öllum tilvikum lægri en í hinum löndunum tveimur. Hæst varð tíðnin um 28 pr. 100.000 pílta árið 1992, en nokkuð dró úr tíðninni á síðustu árum tímabilsins.


Eins og sjá má af mynd 2 eru mun minni sveiflur í tíðni sjálfsvíga meðal stúlkna en pílta á Norðurlöndunum. Á þessu tímabili var árleg tíðni sjálfsvíga pr. 100.000 stúlkur á bilinu 0-9 á Íslandi, en á bilinu 0-8 í Noregi, 2-9 í Danmörku, 3-11 í Finnlandi og 3-12 í Svíþjóð. Tíðni sjálfsvíga meðal íslenskra stúlkna var hærri einstök ár en meðal jafnaldra þeirra á öðrum Norðurlöndum, en fimm ára meðaltal íslenskra stúlkna var nær ávallt lægra en fimm ára meðaltal í hinum löndunum. Eina undantekningin frá þessu mynstri er tímabilið 1954-1966, þegar fimm ára meðaltíðni sjálfsvíga meðal íslenskra stúlkna var hærri en samsvarandi meðaltal norskra stúlkna. Engrar aukningar verður vart í sjálfsvígum meðal íslenskra stúlkna á tímabilinu 1984-1991 þegar bylgja sjálfsvíga meðal pílta reið yfir þjóðina.

Samanburður við önnur Evrópulönd


Á mynd 3 má sjá sjálfsvígstíðni 15-24 ára íslenskra pílta árin 1951-1995 í samanburði við pílta á sama aldri í Bretlandi, Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, sameinuðu Þýskalandi og á Ítalíu. Munur á sjálfsvígstíðni meðal pílta í þessum stærstu Evrópulöndum hefur minnkað jafnt og þétt á þessu tímabili, þar sem tíðnin hefur hækkað í þeim löndum þar sem hún var lægst, en tíðnin hefur lækkað þar sem hún var hæst.

Þannig var tíðni sjálfsvíga meðal pílta í Vestur-Þýskalandi umtalsvert hærri en meðal jafnaldra þeirra í hinum löndunum fram undir 1977, en það ár náði tíðni sjálfsvíga þeirra hámarki, um 25 pr. 100.000 vestur-þýska pílta. Eftir það dró jafnt og þétt úr tíðni sjálfsvíga meðal þeirra, og var hún orðin um 15 pr. 100.000 pílta þegar Þýskaland var sameinað árið 1990. Það ár var sjálfsvígstíðni í sameinuðu Þýskalandi um 14 pr. 100.000 pílta á aldrinum 15-24 ára, en áfram dró nokkuð úr sjálfsvígum þessa hóps á árunum eftir sameiningu. Meðal franska og breskra pílta jukust sjálfsvíg fram undir 1993 en hafa almennt lækkað eftir það. Sjálfsvígstíðni ítalskra pílta var lægri en meðal pílta í öðrum þessara landa eftir 1958 en jókst nokkuð jafnt og þétt á síðari hluta aldarinnar. Fimm ára meðaltíðni sjálfsvíga meðal íslenskra pílta var lægri en tíðni meðal vestur-þýskra pílta á tímabilinu 1956-1981. Á síðasta áratugnum var meðaltíðni sjálfsvíga meðal íslenskra pílta umtalsvert hærri en í þessum Evrópulöndum.

MYND 2: Sjálfsvíg meðal stúlkna á Norðurlöndum (5 ára meðaltöl)



MYND 3: Sjálfsvíg meðal pilta í öðrum Evrópulöndum (5 ára meðaltöl)



Á mynd 4 má sjá að tíðni og þróun sjálfsvígstíðni meðal stúlkna í þessum löndum er svipuð því sem sjá mátti á Norðurlöndum. Árleg tíðni sjálfsvíga meðal íslenskra stúlkna á þessu tímabili er á bilinu 0–9 pr. 100.000 stúlkur á aldrinum 15–24 ára. Til samanburðar var tíðnin á bilinu 1–4 á Ítalíu og í Bretlandi, á bilinu 3–5 í Frakklandi, á bilinu 4–8 í Vestur-Þýskalandi og um 4 pr. 100.000 stúlkur á þessum aldri í sameinuðu Þýskalandi.

Önnur iðnríki


Á mynd 5 má sjá meðaltíðni sjálfsvíga meðal 15–24 ára íslenskra pilta í samanburði við nokkur helstu iðnvæddu ríki utan Evrópu. Japan sker sig mjög úr hópi þessara ríkja hvað tíðni og þróun sjálfsvíga meðal pilta varðar. Á tímabilinu 1951–1960 var meðaltíðni sjálfsvíga um 46 pr. 100.000 japanska pilta. Hæst varð tíðnin árið 1955, en það ár frömdu um 60 af hverjum 100.000 japönskum piltum á þessum aldri sjálfsvíg (árleg tíðni er ekki sýnd á myndum). Til samanburðar varð hæsta tíðni sjálfsvíga meðal íslenskra pilta um 61 pr. 100.000 pilta á aldrinum 15–24 ára, en það samsvarar 13 piltum sem tóku líf sitt á því ári.

Eftir 1955 dró ört úr sjálfsvígum japanska pilta, og var tíðni þeirra síðustu áratugi umtalsvert lægri en í öðrum iðnríkjum utan Evrópu sem sjá má á mynd 5. Á síðasta áratug 20. aldar var sjálfsvígstíðni í Japan um 11 pr. 100.000 pilta, sem er svipað því sem gerðist meðal pilta í þeim stærri Evrópulöndum sem skoðuð voru hér að framan.


Í Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada hafa sjálfsvíg pilta á þessum aldri aukist jafnt og þétt. Á fyrstu tíu árunum sem hér eru til skoðunar var sjálfsvígstíðni í þessum löndum á bilinu 6–8 pr. 100.000 pilta, en á síðustu tíu árunum sem upplýsingar eru til um var tíðnin á bilinu 21–26 pr. 100.000 pilta. Á þessu árabili þrefaldaðist tíðnin því í Ástralíu og Bandaríkjunum, en fjórfaldaðist í Kanada. Mestrar aukningar sjálfsvíga meðal pilta varð þó vart á Nýja-Sjálandi. Á fyrsta áratug þessa tímabils var hún svipuð því sem gerðist í Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada, eða um 8 pr. 100.000 á þessum aldri. Á síðustu tíu árum tímabilsins var tíðnin hins vegar nær 40 pr. 100.000, sem er nær sexfalt hærra en á árunum 1951–1960. Á þessum árum var tíðni sjálfsvíga meðal nýsjálenskra pilta með öðrum orðum svipuð því sem gerðist meðal finnskra pilta á sama tímabili.

Fram undir 1981 fylgdu sjálfsvíg meðal íslenskra pilta nokkuð svipuðu mynstri og meðal jafnaldra þeirra í Ástralíu, Bandaríkjunum og á Nýja-Sjálandi. Eftir það jókst sjálfsvígstíðni á Íslandi hins vegar hröðum skrefum, líkt og gerðist á Nýja-Sjálandi. Meðaltíðni árána 1988–1992 er hin sama á Íslandi og Nýja-

MYND 4: Sjálfsvíg meðal stúlkna í öðrum Evrópulöndum (5 ára meðaltöl)



MYND 5: Sjálfsvíg meðal pilta í öðrum iðnvæddum löndum (5 ára meðaltöl)



Sjálandi, eða um 38 pr. 100.000 pilta. Eftir það lækkaði tíðnin á Íslandi hins vegar aftur niður undir það sem gerist í Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada, en tíðnin á Nýja-Sjálandi hélst lítið breytt.

Af mynd 6 má sjá að sjálfsvígstíðni stúlkna í Japan og á Nýja-Sjálandi sker sig umtalsvert frá því sem finna má meðal stúlkna í öðrum löndum sem skoðuð voru hér að ofan. Líkt og meðal japanskra pilta jókst sjálfsvígstíðni japanskra stúlkna umtalsvert á áratugnum eftir síðari heimsstyrjöld. Hæst varð tíðnin rúmlega 39 pr. 100.000 japanskar stúlkur árið 1958, en lækkaði jafnt og þétt eftir það (árleg tíðni er ekki sýnd á myndum). Á síðustu tíu árum sem upplýsingar eru til um, var sjálfsvígstíðni japanskra stúlkna um 5 pr. 100.000 stúlkur á þessum aldri. Á sama hátt virðist sjálfsvígstíðni nýsjálenskra stúlkna hafa aukist í takt við tíðni meðal pilta þar á síðustu árum. Á síðustu fimm árum var sjálfsvígstíðni á Nýja-Sjálandi nær 12 pr. 100.000 stúlkur, sem er umtalsvert hærra en meðal stúlkna í nokkru öðru landi sem hér er til skoðunar, að japönskum stúlkum eftir stríð undanskildum.


Tíðni sjálfsvíga meðal stúlkna í Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada er svipuð því sem gerist á Íslandi og öðrum Evrópulöndum sem skoðuð voru hér að ofan. Að meðaltali er sjálfsvígstíðni stúlkna í þessum þremur löndum á bilinu 1–6 pr. 100.000 stúlkur á aldrinum 15–24 ára, samanborið við 0–4 á Íslandi, 1–9 á hinum Norðurlöndum og 1–8 pr. 100.000 stúlkur í öðrum Evrópuríkjum. Eftir 1965 er fimm ára meðaltíðni sjálfsvíga stúlkna lægri á Íslandi en í þessum iðnríkjum utan Evrópu.

Samantekt um þróun skráðra sjálfsvíga meðal ungmenna

Á tímabilinu 1951–1995 var tíðni sjálfsvíga meðal 15–24 ára íslenskra stúlkna lág og breyttist lítt milli ára. Sömu sögu er að segja um tíðni sjálfsvíga meðal stúlkna á öðrum Norðurlöndum, í stærstu löndum Evrópu og flestum iðnríkjum utan Evrópu. Sjálfsvígstíðni meðal japanskra stúlkna um miðja síðustu öld og meðal stúlkna á Nýja-Sjálandi á síðustu árum aldarinnar eru helstu undantekningar frá þessari reglu. Íslenskar stúlkur skera sig því lítt úr hópi jafnaldra sinna annars staðar hvað skráð sjálfsvíg varðar.

Meðal 15–24 ára pilta er munur á sjálfsvígstíðni mun meiri milli landa og sveiflur milli ára eru mun stærri en gerist meðal stúlkna á sama aldri. Á öllu því tímabili sem hér var til skoðunar reyndist sjálfsvígstíðni meðal finnskra pilta vera umtalsvert hærri en meðal jafnaldra þeirra í öðrum löndum. Á fyrri hluta tímabilsins var sjálfsvígstíðni vestur-þýskra pilta hærri en í öðrum stærri Evrópulöndum, en á síðari hluta tímabilsins var munur á sjálfsvígstíðni pilta í þessum löndum tiltölulega lítill og fór minnkandi. Í nokkrum helstu iðnríkjum

MYND 6: Sjálfsvíg meðal stúlkna í öðrum iðnvæddum löndum (5 ára meðaltöl)



utan Evrópu skar Japan sig mjög frá öðrum hvað háa sjálfsvígstíðni pílta varðar á fyrri hluta tímabilsins en hvað lága tíðni varðar á síðari hluta tímabilsins. Á síðari hluta tímabilsins var sjálfsvígstíðni meðal nýsjálenskra pílta áberandi há.

Sjálfsvígstíðni meðal íslenskra pílta jókst mjög á tímabilinu 1984–1991. Á því tímabili var tíðni þeirra umtalsvert hærri en í stærstu Evrópulöndum, svipuð því sem gerðist á Nýja-Sjálandi, en heldur lægri en tíðni sjálfsvíga meðal pílta í Finnlandi. Þessi aukning í sjálfsvígum íslenskra pílta var of mikil og stóð of lengi til að hana megi rekja til tilviljunarsveiflu. Skýringar á þessari aukningu liggja þó ekki í augum uppi. Svipaðrar aukningar varð vart hjá piltum í einstökum öðrum löndum á sama tíma en ekki þeim löndum sem oftast eru talin hliðstæð Íslandi. Einnig er rétt að benda á að sjálfsvíg meðal íslenskra stúlkna jukust ekki samhliða aukningu meðal pílta, ólíkt því sem gerðist í Japan um miðja 20. öld og á Nýja-Sjálandi í lok aldarinnar.

Sjálfsvígstílaunir meðal íslenskra ungmenna

Sjálfsvíg og tílaunir til sjálfsvíga eru tengd vandamál, en sambandið þar á milli er margslungið og flókið viðureignar. Þannig eru sjálfsvígstílaunir til að mynda almennt algengari meðal kvenna og þeirra sem yngri eru, en sjálfsvíg eru mun algengari meðal karla og eldra fólks (Messner, Bjarnason og Raffalovich, 2002). Einnig er ljóst að þótt fæstir þeirra sem hafa gert tílaun til sjálfsvígs munu fyrirfara sér að lokum eru einstaklingar sem hafa gert slíka tílaun margfalt líklegri til að fremja sjálfsvíg en þeir sem enga tílaun hafa gert. Í þessu sambandi hefur Taylor (1982) fært fyrir því rök að misheppnaðar sjálfsvígstílaunir séu nokkurs konar glæfraspil sem líta megi á sem óaðskiljanlegan hluta sjálfsvígsferlisins. Á hverju stigi þessa ferlis kunni ásetningur að styrkjast eða veikjast og ferlinu geti því lokið með ýmsum hætti. Þannig kunni fyrstu tílaunir til sjálfsvígs að vera gerðar með hálfum hug og geti þær stundum leitt til þess að einstaklingur hætti með öllu við slíkar fyrirætlanir. Í öðrum tilvikum geti fyrstu tílaunir hins vegar leitt til alvarlegri tílauna og að lokum til sjálfsvígs.

Áætlað er að 40-60% þeirra sem koma inn á sjúkrahús vegna sjálfsvíga hafi gert slíka tílaun áður (Kreitman og Casey, 1988). Í sumum tilvikum virðist lítil alvara hafa búið að baki þessa tílauna, þar sem aðferðum var beitt sem voru fremur ólíklegar til árangurs eða yfirgnæfandi líkur voru á því að einhver kæmi til bjargar í tæka tíð. Þótt slíkar tílaunir hefðu hugsanlega getað leitt til bana er oft litið á þær sem eins konar neyðarkall til umheimsins fremur en eiginlegar tílaunir til að stytta sér aldur. Í öðrum tilvikum virðist hins vegar sem hending ein hafi komið í veg fyrir að alvarlegar og úthugaðar tílaunir til sjálfsvígs bæru tilætlaðan árangur.

Erfitt er að meta nákvæmlega hversu hátt hlutfall þeirra sem hafa gert misheppnaða tílaun til sjálfsvígs muni fyrirfara sér að lokum. Slíkt mat veltur meðal annars á því hvernig tílaunir til sjálfsvíga eru skilgreindar, hvernig borin eru kennsl á tílaunir sem falla undir þá skilgreiningu og hversu lengi þeim sem í hlut áttu er fylgt eftir. Af þeim hópi einstaklinga sem kom á bráðamóttöku geðdeildar Borgarspítalans vegna sjálfsvígstílauna á árunum 1983-1985 höfðu 3,8% fyrirfarið sér í desember 1991 (Jóhanna M. Sigurjónsdóttir o.fl., 1993). Þegar til lengri tíma er litið er talið að 10-14% þeirra sem einhvern tímann hafa gert tílaun til sjálfsvígs muni að lokum falla fyrir eigin hendi (Jón G. Stefánsson, Helga Hannesdóttir og Eiríkur Lindal, 1994).

Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra skólanema

Árið 1992 voru umfangsmiklar spurningalistakannanir lagðar fyrir nemendur í framhaldsskólum og í efstu bekkjum grunnskóla. Þessar kannanir voru liður í rannsóknarverkefninu Ungt fólk 1992, sem beindist að ýmsum þáttum í lífi ungs fólks, einkum lífsvanda af ýmsum toga sem að þeim steðjaði. Vegna mikillar aukningar á sjálfsvígum ungs fólks á þeim tíma var meðal annars leitað eftir upplýsingum um sjálfsvígstilraunir nemenda og reynslu þeirra af sjálfsvígum og sjálfsvígsatferli annarra. Árið 2000 voru þessar spurningar lagðar fyrir nemendur í framhaldsskólum að nýju, og má á grundvelli þeirra leggja nokkurt mat á stöðugleika og breytingar á þessum þáttum á átta ára tímabili.

Af töflu 1 má sjá að árið 1992 höfðu um 26 af hverjum 1000 piltum (um 2.600 pr. 100.000) og 47 af hverjum 1000 stúlkum (um 4.700 pr. 100.000) í 9. og 10. bekk gert tilraun til sjálfsvígs þá um veturinn. Séu þessar tölur bornar saman við meðaltíðni sjálfsvíga í þessum aldurshópi á síðustu áratugum lætur því nærri að sex piltar og ein stúlka fremji sjálfsvíg fyrir hverjar 1000 tilraunir í þessum aldurshópi.

Tíðni sjálfsvígstilrauna er nokkru lægri meðal framhaldsskólanema og eru kynjahlutföll þar jafnari. Árið 1992 kváðust 1,3% framhaldsskólanema hafa gert slíka tilraun á síðasta vetri en 2% pilta og stúlkna árið 2000. Tilraunir til sjálfsvíga virðast því vera algengari meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla en meðal nemenda í framhaldsskólum. Þess ber þó að geta að tíðni sjálfsvígstilrauna meðal framhaldsskólanema er umtalsvert lægri en tíðni meðal jafnaldra þeirra utan framhaldsskóla (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl., í vinnslu). Þessi munur milli skólastiga kann því að stafa af því að þau ungmenntu sem verst eru sett hverfi frá námi eftir að skólaskilyldu lýkur.

Þegar lítið er til hlutfalls þeirra sem einhvern tímann hafa gert tilraun til sjálfsvígs kemur nokkuð annað mynstur í ljós. Sem vænta mátti eru nemendur í 10. bekk nokkru líklegri en nemendur í 9. bekk til að hafa einhvern tímann gert tilraun til sjálfsvígs. Hlutfall þeirra sem einhvern tímann höfðu gert tilraun til sjálfsvígs er næsta svipað í 10. bekk árið 1992 og í framhaldsskólum árið 2000, en nokkru lægra í framhaldsskólum árið 1992. Einnig kemur fram að þótt lítill kynjamunur hafi verið í sjálfsvígstilraunum þá um veturinn voru stúlkur í framhaldsskólum mun líklegri en piltar til að hafa einhvern tímann gert slíka tilraun.

Þessar niðurstöður benda nokkuð eindregið til þess að sjálfsvígstilraunum fækki og að kynjamunur í sjálfsvígstilraunum minnki milli efstu bekkja grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig virðist sem bylgjur í sjálfsvígstilraunum hafi mismikil áhrif á mismunandi árganga. Þannig virðist tíðni sjálfsvígstilrauna í framhaldsskólum árið 1992 vera lág í samanburði við bæði efstu bekki grunnskóla

Tafla 1

Sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra skólanema árin 1992 og 2000

Hefur þú gert tilraun til að fremja sjálfsvíg nú í vetur?

Árið 1992				Árið 2000
	9. bekkir	10. bekkir	Framhaldsskólar	Framhaldsskólar
Piltar	2,6%	2,6%	1,2%	2,0%
Stúlkur	4,7%	4,7%	1,4%	2,0%
Alls	3,6%	3,7%	1,3%	2,0%

Hefur þú einhvern tímann gert tilraun til að fremja sjálfsvíg?

Árið 1992				Árið 2000
	9. bekkir	10. bekkir	Framhaldsskólar	Framhaldsskólar
Piltar	3,8%	4,9%	3,9%	5,3%
Stúlkur	7,2%	8,6%	5,1%	9,0%
Alls	5,5%	6,7%	4,5%	7,3%

Það ár og framhaldsskólanema árið 2000. Hugsanlegt er að bylgja sjálfsvíga sem reið yfir árin á undan hafi haft meiri áhrif á yngri nemendur en þá sem eldri voru. Þessu verður þó ekki svarað til fulls með þeim gögnum sem tiltæk eru.

Af töflu 2 má sjá hlutföll skólanema sem reynslu höfðu af sjálfsvígum eða sjálfsvígstilraunum annarra árin 1992 og 2000. Svo sem vænta mátti eru fleiri á eldri skólastigum sem fyrir slíku höfðu orðið um ævina. Árið 1992 höfðu þannig um 17% nemenda í 9. bekk, um 25% nemenda í 10. bekk og 40% nemenda í framhaldsskólum átt kunningja sem fyrirfóru sér. Hér bregður þó svo við að árið 1992 höfðu fleiri framhaldsskólanemar átt kunningja sem fyrirfóru sér en raun bar vitni árið 2000. Ekki er með öllu ljóst hvað veldur þessum mun, þar sem að öðru leyti er minna um sjálfsvígsatferli meðal framhaldsskólanema og vina þeirra árið 1992. Líklegt er að sú bylgja sjálfsvíga sem reið yfir árin á undan eigi hér nokkurn hlut að máli. Einnig er hugsanlegt að hér sé um að ræða áhrif af mikilli fjölmiðlaumfjöllun um sjálfsvíg framhaldsskólanema veturinn 1991-1992.

Algengara er meðal stúlkna en pilta að góður vinur eða annar nákominn hafi einhvern tímann reynt að fyrirfara sér. Árið 1992 höfðu um 14% nemenda í 9. bekk og 19% nemenda í 10. bekk orðið fyrir slíku. Það ár sögðust tæp 23% framhaldsskólanema hafa orðið fyrir slíku, en það hlutfall hafði aukist í 30% árið 2000.

Svipað mynstur kemur fram meðal grunnskólanema þegar litið er til þess hvort vinur eða annar nákominn hafi í raun framið sjálfsvíg. Stúlkur voru líklegri en piltar til að segjast hafa orðið fyrir slíku og nemendur í 10. bekk voru nokkru líklegri til þess en nemendur í 9. bekk. Meðal framhaldsskólanema er hins vegar óverulegur munur á milli pilta og stúlkna að þessu leyti og breytist hlutfallið lítið milli áranna 1992 og 2000. Árið 1992 sögðust rúm 11% pilta og tæp 12% stúlkna hafa orðið fyrir því að góður vinur eða annar þeim nákominn hefði framið sjálfsvíg, en rúm 10% pilta og tæp 12% stúlkna árið 2000.

Samantekt um sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna

Af þessum niðurstöðum er ljóst að sjálfsvígstilraunir snerta stóran hóp íslenskra ungmenna. Alls höfðu um 4-5% pilta einhvern tímann reynt að fremja sjálfsvíg, þar af 1-3% á síðasta vetri. Meðal stúlkna höfðu 5-9% einhvern tímann reynt að fremja sjálfsvíg, þar af 1-5% á síðasta vetri. Kynni af sjálfsvígsatferli annarra voru þó mun algengari. Þannig höfðu 17-40% nemenda átt kunningja sem framdi sjálfsvíg, 14-30% áttu góðan vin sem hafði reynt að fyrirfara sér og 6-12% höfðu átt góðan vin sem fyrirfór sér. Bein eða óbein kynni af sjálfsvígsatferli aukast að jafnaði með aldri, en jafnframt dregur úr kynjamun með aldri. Framhaldsskólanemar ársins 1992 skera sig nokkuð frá öðrum hópum hvað kynni af sjálfsvígsatferli snertir. Þeir eru síður líklegir en búast hefði mátt

Tafla 2

Kynni íslenskra skólanema af sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum annarra árin 1992 og 2000

Hefur einhver kunningja þinna eða aðrir sem þú kannaðist við framið sjálfsvíg

Árið 1992				Árið 2000
	9. bekkir	10. bekkir	Framhaldsskólar	Framhaldsskólar
Piltar	13,7%	21,2%	37,4%	28,5%
Stúlkur	21,0%	28,5%	42,5%	38,0%
Alls	17,4%	24,8%	40,0%	33,6%

Hefur góður vinur þinn eða annar þér nákominn einhvern tímann reynt að fremja sjálfsvíg?

Árið 1992				Árið 2000
	9. bekkir	10. bekkir	Framhaldsskólar	Framhaldsskólar
Piltar	8,8%	13,6%	18,6%	24,9%
Stúlkur	19,4%	24,6%	26,5%	35,0%
Alls	14,1%	19,1%	22,6%	30,3%

Hefur góður vinur þinn eða annar þér nákominn framið sjálfsvíg?

Árið 1992				Árið 2000
	9. bekkir	10. bekkir	Framhaldsskólar	Framhaldsskólar
Piltar	4,4%	6,9%	11,4%	10,4%
Stúlkur	7,6%	8,4%	11,7%	11,8%
Alls	6,1%	7,6%	11,5%	11,1%

við til að hafa gert tilraunir til sjálfsvígs eða eiga góða vini sem höfðu fyrirfarið sér eða gert tilraun til slíks. Á hinn bóginn eru þeir líklegri en búast mætti við til að segjast hafa átt kunningja sem fyrirfór sér. Leiða má að því getum að hér sé á ferðinni margþætt eftirköst þeirrar sjálfsvígbylgju ungra pilta sem gekk yfir Ísland á árunum 1984–1991.

Einkenni þeirra sem hafa gert sjálfsvígstilraun

Í þessum hluta er litið til einkenna þeirra framhaldsskólanema sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Í þessu skyni eru gögn frá árunum 1992 og 2000 sameinuð og prófað hvort marktækur munur sé á einstökum forspárþáttum milli þessara tveggja kannana. Með þessu móti er hægt að nýta gögnin til fulls, en um leið er leitað eftir hugsanlegum breytingum yfir tíma. Þessar tvær kannanir ná til 12.710 framhaldsskólanema. Í þessum hópi höfðu 787 gert tilraun til sjálfsvígs, eða 6,2% allra einstaklinga í sameinuðu gagnasafninu.

Gagnagreiningin sem hér fer á eftir er byggð á svonefndri aðhvarfsgreiningu (*logistic regression*). Þessi tölfraeðiaðferð gefur kost á greiningu breytu með tvö gildi, í þessu tilviki hvort einstaklingur hafi eða hafi ekki gert tilraun til sjálfsvígs. Með þessari aðferð er jafnframt unnt að meta líkur þess að tiltekinn einstaklingur hafi reynt að fyrirfara sér eftir ýmsum forspárþáttum. Þannig er annars vegar unnt að skoða hvort líkur á sjálfsvígstilraun aukist eftir hverjum forspárþætti fyrir sig og hins vegar hversu vel líkanið í heild spáir fyrir um hvaða einstaklingar hafa gert sjálfsvígstilraunir.

Tafla 3 sýnir þá þætti sem spá fyrir um hvort einstaklingur hafi gert tilraun til sjálfsvígs um ævina. Í fyrsta dálki má sjá tvíhliða sambönd, en líkön 1–4 sýna forspárgildi margra þátta saman. Með því að bæta flokkum forspárþátta inn í greininguna með þessum hætti má meta samspil mismunandi þátta.

Bakgrunnsbreytur

Eins og þegar hefur komið fram höfðu marktækt fleiri framhaldsskólanemar gert tilraun til sjálfsvígs árið 2000 en árið 1992. Tvíhliða sambandið sýnir að áður en tekið er tillit til annarra þátta voru um það bil 1,7 falt meiri líkur á sjálfsvígstilraunum meðal þessa hóps árið 2000 en árið 1992. Á sama hátt voru stúlkur 1,3 sinnum líklegri til að hafa gert slíka tilraun en piltar. Jafnframt kemur fram að ekki varð marktæk breyting á þessum kynjamun milli áranna 1992 og 2000.

Eins og sjá má af líkönum 1–4, haldast þessi tengsl þegar þættir á borð við félagslega einangrun, vímuefnaneyslu og sjálfsvígssatferli eru tekin með í reikninginn. Þessi sambönd bakgrunnsbreyta við sjálfsvígstilraunir styrkjast jafnvel nokkuð

Tafla 3

Líkindi sjálfsvígstílauna um ævina meðal framhaldsskólanema árin 1992 og 2000

	Tvilið	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4
Ár					
2000	1.68 ***	1.61 **	1.51 **	2.85 **	2.01 **
Bakgrunnur					
Kyn	1.33 *	1.68 ***	1.72 ***	1.98 ***	1.62 ***
- breyting árið 2000	1.03	---	---	---	---
Aldur	1.08	1.09	1.06	1.01	1.00
- breyting árið 2000	.89 *	.88 *	.88 *	.85 **	.87 *
Félagsleg einangrun					
Litill stuðningur foreldra	2.63 ***		2.71 ***	2.43 ***	2.27 ***
- breyting árið 2000	1.05		---	---	---
Eyðir sjaldan tíma með foreldrum	1.96 ***	1.19	1.25	1.22	
- breyting árið 2000	.58 *	---	---	---	---
Litill stuðningur vina	1.20	---	---	---	---
- breyting árið 2000	.78	---	---	---	---
Eyðir sjaldan tíma með vinum	2.98 ***		3.11 ***	3.51 ***	3.76 ***
- breyting árið 2000	.56 *		.52 *	.48 **	.45 **
Vímuefnaneysla					
Hefur notað kannabisefni um ævina	3.54 ***			1.97 ***	1.59 ***
- breyting árið 2000	.76			---	---
Drekkur áfengi vikulega eða oftar	2.49 ***			1.72 ***	1.53 ***
- breyting árið 2000	.89			---	---
Reykir daglega	4.23 ***			2.28 ***	1.81 ***
- breyting árið 2000	.75			---	---
Sjálfsvígsatferli annarra					
Einhver sagt frá hugleiðingum	5.43 ***				2.67 ***
- breyting árið 2000	.82				---
Vinur gert tilraun til sjálfsvígs	5.56 ***				2.20 ***
- breyting árið 2000	.70				---
Vinur framið sjálfsvíg	3.15 ***				1.21
- breyting árið 2000	.71				---
<u>Rétt flokkun^{a)}</u>					
Peir sem hafa gert tilraun		0	29.4	45.5	56.0
Peir sem ekki hafa gert tilraun		100	88.1	85.6	84.0
Skýrð dreifing ^{b)}		.02	.06	.13	.19

* $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ *** $p < 0,001$

a) Spálíkur 10% eða hærra

b) Nagelkerke R^2

þegar tekið er tillit til annarra þátta. Eftir að tekið hefur verið tillit til félagslegrar einangrunar, vímuefnaneyslu og sjálfsvígsatferlis annarra eru líkur á sjálfsvígstilraunum þannig um tvöfalt hærri árið 2000 en árið 1992, og stúlkur eru um 1,6 sinnum líklegri en piltar til að hafa gert slíka tilraun.

Loks má sjá að líkur sjálfsvígstilrauna aukast ekki með hækkandi aldri framhaldsskólanema. Árið 1992 er ómarktækt samband milli aldurs og sjálfsvígstilrauna, en árið 2000 minnka líkur á því að hafa einhvern tímann gert tilraun til sjálfsvígs um 0,9 með hverju aldursári.

Ekki er með öllu ljóst hvað veldur þessu mynstri, en hluti skýringarinnar kann að felast í brottfalli úr framhaldsskólum. Þótt flestir unglingar sem útskrifast úr grunnskóla hefji framhaldsskólanám heltast margir úr lestinni áður en námi lýkur. Þeir nemendur sem verst eru settir eru líklegastir til að hætta námi og samsetning nemendahópsins breytist því með hverju árinu sem líður (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir o.fl., í vinnslu). Fækkun sjálfsvígstilrauna með hækkandi aldri kann því einfaldlega að endurspegla slíkt brottfall nemenda sem eiga við alvarleg vandamál að stríða. Búast hefði mátt við svipuðu mynstri árið 1992, en vel má vera að í umróti þess árs hafi aðrir þættir vegið þar á móti.

Félagsleg einangrun

Framhaldsskólanemar sem njóta lítils stuðnings foreldra eru 2,6 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs áður en aðrir þættir eru teknir með í reikninginn. Á sama hátt eru þeir sem eyða sjaldan tíma með foreldrum um tvöfalt líklegri til að hafa reynt slíkt og þeir sem sjaldan eyða tíma með vinum sínum eru þrefalt líklegri til sjálfsvígstilrauna.

Þegar þessi einkenni félagslegrar einangrunar og bakgrunnspættir eru sameinaðir í líkani 2, eru nemendur sem njóta lítils stuðnings foreldra um 2,7 sinnum líklegri til að hafa reynt að fyrirfara sér og þeir sem sjaldan eyða tíma með vinum sínum eru rúmlega þrefalt líklegri til þess. Eftir að tekið hefur verið tillit til vímuefnaneyslu og sjálfsvígsatferlis annarra í líkani 4, dregur heldur úr þætti stuðnings foreldra, þótt þeir nemendur sem skortir slíkan stuðning séu enn 2,3 sinnum líklegri til að hafa reynt sjálfsvíg. Á hinn bóginn eru þeir sem sjaldan eyða tíma með vinum enn líklegri (3,8 sinnum hærri líkur) til að hafa gert sjálfsvígstilraun en í fyrstu virtist vera. Með öðrum orðum skýrist samband sjálfsvígstilrauna við skort á stuðningi foreldra að hluta af öðrum þáttum í líkaninu. Aukinn tími með vinum er hins vegar tengdur bæði jákvæðum og neikvæðum þáttum í lífi ungs fólks og því styrkist sambandið milli þess að vera sjaldan með vinum og sjálfsvígstilrauna þegar tekið hefur verið tillit til þátta á borð við vímuefnaneyslu.

Vímuefnaneysla

Áður en tekið er tillit til annarra þátta eru framhaldsskólanemar sem notað hafa kannabísefni 3,5 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs, nemendur sem drekka vikulega eða oftar eru 2,5 sinnum líklegri til tilrauna og þeir sem reykja daglega eru 4,2 sinnum líklegri til slíks. Þegar tekið er tillit til bakgrunnsþátta, félagslegrar einangrunar, sjálfsvígsatferlis annarra og samdreifingar vímuefnaneyslu, haldast þessi tengsl þótt styrkur þeirra dofni nokkuð. Þannig eykur kannabíseysla óháð öðrum þáttum líkurnar á sjálfsvígstilraunum um 1,6. Á sama hátt eru þeir nemendur sem drekka áfengi vikulega eða oftar 1,5 falt líklegri til slíkra tilrauna og þeir sem reykja daglega eru 1,8 sinnum líklegri til slíks.

Sjálfsvígsatferli annarra

Af þeim þáttum sem tengjast sjálfsvígsatferli annarra höfum við kosið að skoða hér sérstaklega hvort einhver annar hafi greint nemendunum frá sjálfsvígshugleiðingum, hvort góður vinur eða annar nákominn hafi gert tilraun til sjálfsvígs og hvort slíkur vinur eða annar nákominn hafi framið sjálfsvíg. Áður en aðrir þættir eru teknir með í reikninginn eru þeir sem einhver hefur greint frá sjálfsvígshugleiðingum 5,4 sinnum líklegri til að hafa gert sjálfsvígstilraun sjálfir. Þeir sem eiga góðan vin sem reyndi sjálfsvíg eru 5,6 falt líklegri til að hafa gert sjálfsvígstilraun, en þeir sem höfðu átt vin sem féll fyrir eigin hendi eru 3,2 sinnum líklegri til að hafa gert tilraun til slíks.

Eftir að búið er að stjórna bakgrunni, félagslegri einangrun, vímuefnaneyslu og samdreifingu mismunandi tegunda sjálfsvígsatferlis eru þeir sem einhver hefur sagt frá sjálfsvígshugleiðingum 2,7 sinnum líklegri til tilrauna en aðrir, og þeir sem eiga góðan vin eða annan nákominn sem gert hefur tilraun eru 2,2 falt líklegri til slíks. Í þessu tilviki eykur það ekki á líkurnar á sjálfsvígstilraun umfram aðra þætti að hafa átt vin eða annan nákominn sem framdi sjálfsvíg. Þess ber þó að geta að í samskonar greiningu á sjálfsvígstíðni á síðastliðnum vetri (ekki sýnd hér) kom fram að þessar þrjár tegundir kynna af sjálfsvígsatferli annarra höfðu hver um sig sjálfstæð áhrif á líkindi sjálfsvígstilrauna. Í því tilviki jukust líkindi á sjálfsvígstilraun á síðasta vetri um 2,6 meðal þeirra sem einhver hafði sagt frá sjálfsvígshugleiðingum, um 1,8 meðal þeirra sem áttu góðan vin eða annan nákominn sem reynt hafði sjálfsvíg en um 2,5 meðal þeirra sem höfðu átt vin sem framdi sjálfsvíg.

Flokkun og skýrð dreifing

Af töflu 3 má jafnframt sjá að líkan 1, sem einungis notar bakgrunnsbreytur, skýrir 2% af dreifingu sjálfsvígstilrauna meðal nemenda. Þegar félagslegri einangrun er

bætt við í líkani 2 fer skýrð dreifing upp í 6%. Líkan 2 spáir réttilega fyrir um sjálfsvígstilraunir 29% þeirra sem gert hafa slíka tilraun. Líkanið spáir jafnframt réttilega fyrir um 88% þeirra sem enga tilraun hafa gert, sem þýðir í raun að það spáir ranglega fyrir um sjálfsvígstilraun meðal 12% þeirra sem ekki hafa gert slíka tilraun.

Þegar vímuefnaneyslu er bætt við í líkani 3, skýrist um 13% af dreifingu sjálfsvígstilrauna. Þetta líkan spáir réttilega fyrir um sjálfsvígstilraunir 46% þeirra sem slíka tilraun hafa gert, en spáir ranglega fyrir um sjálfsvígstilraun meðal 14% þeirra sem ekki hafa gert slíka tilraun. Þegar sjálfsvígsatferli annarra er loks tekið með í reikninginn skýrir líkan 4 um 19% af dreifingunni í sjálfsvígstilraunum. Þetta lokalíkan spáir rétt fyrir um 56% þeirra sem gert hafa tilraun en 84% þeirra sem ekki hafa gert tilraun.

Líkan 4 hefur því umtalsvert forspárgildi um sjálfsvígstilraunir meðal framhaldsskólanema. Þetta verður enn skýrara þegar aðeins er litið til þeirra hópa sem eru hæstir og lægstir á forspárþáttum. Í þessu sameinaða úrtaki framhaldsskólanema árin 1992 og 2000 er meðaltíðni sjálfsvíga 6,2%. Um 21,6% úrtaksins bera engin merki félagslegrar einangrunar, nota hvorki lögleg né ólögleg vímuefni og hafa engin kynni haft af sjálfsvígshæðun annarra. Innan þessa hóps hafa aðeins 1,1% nemenda gert tilraun til sjálfsvíga. Á móti kemur að 9,7% úrtaksins bera einhver merki félagslegrar einangrunar, nota einhver vímuefni og hafa einhver kynni haft af sjálfsvígshæðun annarra. Meðal þessara nemenda hafa 18,7% gert tilraun til sjálfsvíga.

Samantekt á einkennum þeirra sem gert hafa sjálfsvígstilraunir

Hlutfall nemenda í framhaldsskólum sem einhvern tímann höfðu gert tilraun til að fyrirfara sér jókst marktækt milli árunna 1992 og 2000. Þessi aukning skýrist ekki af breytingum á aldurs- eða kynjahlutföllum þessa hóps, breytingum á félagslegri einangrun, neyslu löglegra eða ólöglegra vímuefna né heldur af aukinni snertingu framhaldsskólanema við sjálfsvígsatferli annarra. Þvert á móti er aukning sjálfsvígstilrauna meðal framhaldsskólanema meiri þegar tillit hefur verið tekið til slíkra þátta. Árið 2000 voru eldri framhaldsskólanemar síður líklegir til að hafa gert sjálfsvígstilraun en þeir sem yngri voru, en það mynstur kann að hluta að skýrast af brottfalli illa staddra einstaklinga.

Framhaldsskólanemar sem nutu lítills stuðnings foreldra voru sjaldan með vinum eða neyttu áfengis, tóbaks og kannabisefna í meiri mæli en aðrir voru líklegri til þess að hafa gert tilraun til sjálfsvíga. Jafnframt voru þeir nemendur sem einhver hafði sagt frá sjálfsvígshugleiðingum eða áttu vini sem reynt höfðu að fyrirfara sér líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvíga. Þessir þættir höfðu hver um sig sjálfstætt forspárgildi um sjálfsvígstilraunir meðal framhaldsskólanema.

Umræða

Mikilvægt er að öðlast aukinn skilning á þáttum sem tengjast sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum meðal ungs fólks. Piltar eru í miklum meirihluta þess unga fólks sem fyrirfer sér á Vesturlöndum, og sveiflur í sjálfsvígstíðni pilta eru mun meiri en gerist meðal stúlkna. Sjálfsvíg meðal íslenskra pilta eru algengari en í flestum öðrum löndum sem hér hafa verið tekin til samanburðar þótt finna megi einstök lönd og einstök tímabil þar sem tíðni sjálfsvíga meðal pilta er hærri en hérlendis. Sjálfsvíg meðal íslenskra stúlkna eru hins vegar næsta fátíð og í flestum tilvikum er tíðni þeirra lægri en meðal stúlkna í þeim löndum sem hér eru tekin til samanburðar.

Aðeins lítið brot allra sjálfsvígstilrauna leiða þó til sjálfsvíga og nauðsynlegt er að gefa nánari gaum þeim umtalsverða hópi ungs fólks sem hefur gert tilraun til að binda endi á líf sitt. Sjálfsvígstilraunir eru til marks um mikla vanlíðan meðal þessa hóps, og slíkar tilraunir geta leitt til heilsutjóns og ýmissa annarra vandamála þótt ekki hljótist bani af. Slíkar tilraunir eru jafnframt nátengdar ýmsum félagslegum vandamálum og áhættuhegðan sem leitt geta til frekari skaða.

Þættir á borð við félagslega einangrun, neyslu löglegra og ólöglegra vímuefna og kynni af sjálfsvígssatferli annarra einkenna þá framhaldsskólanema sem gert hafa tilraun til sjálfsvígs. Einföld forspárlikön byggð á þessum þáttum geta þannig skilið milli stórs hóps framhaldsskólanema sem eru mjög ólíklegir til að hafa reynt að fyrirfara sér og minni hóps nemenda þar sem slíkar tilraunir eru töluvert útbreiddar.

Varlega verður þó að álykta um orsakasamband slíkra þátta við sjálfsvígstilraunir. Þannig getur félagsleg einangrun eða vímuefnaneysla vissulega leitt til sjálfsvígstilrauna, en þessir þættir geta einnig verið til marks um almennari vandamál sem þessu sambandi liggja til grundvallar. Þannig er næsta ólíklegt að tóbaksreykingar leiði beinlínis til sjálfsvígstilrauna, en þær geta verið til marks um lítilsvirðingu við líf og heilsu. Á sama hátt má ætla að ungt fólk sem reynt hefur að fyrirfara sér kunni síður að óttast skaða af neyslu áfengis eða ólöglegra vímuefna. Enn fremur getur vanlíðan einstaklinga reynt mjög á vini og fjölskyldu og því getur félagsleg einangrun að einhverju leyti verið önnur afleiðing þess ferlis sem leiddi til sjálfsvígstilraunar.

Þær niðurstöður sem hér að ofan voru kynntar beina athyglinni sérstaklega að mikilvægu sambandi sjálfsvígstilrauna við kynni af sjálfsvígsatferli annarra. Fræðimenn víða um heim hafa veitt því athygli að sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir hafa tilhneigingu til að hnappast saman á stuttum tíma og afmörkuðum landssvæðum (sjá t.a.m. Gould, Wallenstein og Davidson, 1989; Phillips, 1979; Shaffer, 1988; Seiden og Spence, 1984; Stack, 2000a). Slík hneppi sjálfsvígsatferlis eru algengari og stærri en skýrt verður með einskærri tilviljun. Á sama hátt er mikil seigla í sjálfsvígstíðni mismunandi samfélaga sem kemur fram í hárri fylgni sjálfsvígstíðni milli einstakra ára og bylgja sjálfsvíga sem rísa og hníga á lengri tíma (Messner, Bjarnason og Raffalovich, 2002). Slíkar bylgjur verða aðeins skýrðar með tilvisan til kerfisbundinna ferla innan einstakra samfélaga. Í tiltölulega litlum, samstæðum samfélögum á borð við Ísland eru hneppi sjálfsvíga meðal einstaklinga nátengd sjálfsvígsbylgjum meðal þjóðarinnar.

Rannsóknir á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum einstaklinga og sjálfsvígstíðni þjóða tengjast forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum með ýmsum hætti. Til skemmri tíma litið geta ákveðnar tegundir rannsókna aukið skilning á félagslegum þáttum sem sjálfsvígum tengjast án þess að hafa beint forvarnargildi, og forvarnarstarf getur að nokkru leyti beinst að andlegri vanlíðan einstaklinga án tillits til félagslegs samhengis slíkrar vanlíðanar. Rannsóknir á sjálfsvígsatferli og forvarnir gegn slíku atferli verða hins vegar ekki aðskilin til frambúðar.

Haldgóðar upplýsingar um ástand mála og þá þætti sem tengjast sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum meðal ungs fólks eru forsenda árangursríks forvarnarstarfs og mikilvægt er að meta árangur slíks starfs með formlegum hætti. Á hinn bóginn er árangursríkt forvarnarstarf mikilvægur prófsteinn fræðilegrar þekkingar á sjálfsvígsatferli ungs fólks, og færa má fyrir því sterk rök að fræðimönnum á þessu sviði beri ákveðin siðferðileg skylda til þess að þekking þeirra nýtist í því skyni.

Rannsóknir á sjálfsvígsatferli sem stutt gætu forvarnarstarf

Íslenskum rannsóknum á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum hefur miðað vel á veg á undanförunum áratug. Að ýmsu leyti er þekking á þessu sviði hérlandis fyllilega sambærileg því sem best gerist meðal annarra þjóða. Með frekari rannsóknum gætu Íslendingar skipað sér í fremstu röð á þessu sviði og lagt umtalsvert af mörkum á alþjóðavettvangi.

Ýmis sérkenni íslensks samfélags gefa kost á rannsóknum sem stutt gætu forvarnarstarf hérlandis sem erlendis. Skipulag íslensks skólakerfis og spurninga-listakannanir sem ná til allra nemenda innan þess gefa kost á rannsóknum á því hvernig hneppi sjálfsvíga geta sprottið úr samfélagi unglinga í ákveðnum

bæjarfélögum eða ákveðnum skólum. Ýmsir þeirra þátta sem geta ýtt undir eða hamlað sjálfsvígsatferli virðast vera félagslega skilyrtir fremur en bundnir tilteknum einstaklingum. Með ítarlegri tölfræðiúrvinnslu spurninga-listakannana má bera kennsl á slíka þætti og meta áhrif þeirra á einstaklinga. Enn fremur má meta stöðugleika slíkra þátta milli ára og hversu bundnir þeir eru tilteknum samfélögum eða skólum.

Jafnframt er mikilvægt að efla samanburðarrannsóknir á sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum til að öðlast aukinn skilning á sérstöðu eða samleið Íslendinga með öðrum þjóðum heims. Beita mætti öflugum tölfræði-aðferðum til að greina langtímaþróun og skammtímasveiflur í sjálfsvígum á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Slíkar rannsóknir gætu t.a.m. byggt á gögnum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um dauðsföll í einstökum löndum og stöðluðum spurningalistum um ýmsa áhættu-hegðun sem notaðir hafa verið í fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum.

Smæð og tiltöluleg einsleitni íslensks samfélags ásamt þeim stofnunum og hefðum sem stutt geta gagnasöfnun á þessu sviði veitir loks einstakt tækifæri til að rannsaka hneppi sjálfsvíga einstaklinga, bylgjur sjálfsvíga meðal þjóðarinnar og sambandið þeirra á milli. Bylgjur sjálfsvíga hafa riðið fyrirvaralaust yfir vestræn samfélög á undanförunum áratugum, og í mörgum tilvikum hefur jafnvel reynst erfitt að staðfesta slíkar bylgjur fyrir en þær eru yfirstaðnar. Á sama hátt koma sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir einstaklinga oft mjög á óvart (Wilhelm Norðfjörð, 2001), og mikilvægt er að auka þekkingu og skilning á félagslegum aðdraganda slíkra atburða. Ítarlegar upplýsingar um dauðsföll vegna sjálfsvíga, komur á sjúkrahús vegna sjálfsvígstilrauna og kannanir á sjálfsvígsatferli meðal skólanema mætti nota til að draga afar skýra mynd af sjálfsvígsatferli einstaklinga og breytingum á tíðni þess meðal þjóðarinnar. Niðurstöður slíkra rannsókna gætu stuðlað að markvissum og skjótum viðbrögðum við hneppum sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna og hugsanlega gætu þær lagt grunninn að forspárlíkönun sem í framtíðinni gætu borið kennsl á bylgjur sjálfsvíga á byrjunarstigi.

Heimildir

- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2002. *Könnun meðal ungs fólks utan framhaldsskóla*. Reykjavík: Rannsóknir & greining, handrit í vinnslu.
- Chandler, Charles R. og Yung M. Tsai. 1993. Suicide in Japan and in the West: Evidence for Durkheim's theory. *International Journal of Comparative Sociology*, 34, 244-259.
- Cutler, David M., Edward L. Glaeser og Karen E. Norberg. 2000. *Explaining the Rise in Youth Suicide*. Working Paper 7713. National Bureau of Economic Research. <http://www.nber.org/papers/w7713>.
- Cutright, Phillips og Robert M. Fernquist. 2000. Societal integration, culture, and period: Their impact on female age specific suicide rates in 20 developed countries, 1955-1989. *Sociological Focus*, 33, 299-319.
- Douglas, Jack D. 1967. *The Social Meanings of Suicide*. Princeton, N.J.: Princeton University Press, 1967.
- Gispert, M. K. Wheeler, L. Marsh og M.S. Davis. 1985. Suicidal adolescents: Factors in Evaluation. *Adolescence*, 20, 753-762.
- Gould, Madelyn S., Sylvan Wallenstein og Lucy Davidson. 1989. Suicide clusters: A critical Review. *Suicide and Life-Threatening Behavior*, 19, 17-29.
- Iversen, Lars, O. Andersen, P.K. Andersen, K. Christoffersen og N. Keiding N. 1987. Unemployment and mortality in Denmark, 1970-80. *British Medical Journal*, 295, 879-884.
- Jóhanna M. Sigurjónsdóttir, Nanna Briem, Guðrún Jónsdóttir, Sigurður P. Pálsson og Hannes Pétursson. 1993. Tíðni sjálfsvíga hjá þeim sem áður hafa reynt sjálfsvíg. *Læknablaðið*, 79, 335-341.
- Jón G. Stefánsson, Helga Hannesdóttir og Eiríkur Líndal. 1994. A note on an increasing suicide rate in Iceland. *Arctic Medical Research*, 53, 576-579.

- Kienhorst, CWM, EJ De Wilde, J Van Den Bout, RFW Diekstra og WHG Wolters. 1990. Characteristics of suicide attempters in a population-based sample of Dutch adolescents. *British Journal of Psychiatry*, 156, 243-248.
- Kreitman, N. og P. Casey. 1988. Repetition of parasuicide: An epidemiological and clinical study. *British Journal of Psychiatry*, 153, 792-800.
- Kristinn Tómasson og Tómas Zoëga. 1993. Sjálfsvíg og önnur voveifleg mannslát á Íslandi 1951-1990. *Læknablaðið*, 79, 71-76.
- McIntosh, John L. 1996. Survivors of suicide: A comprehensive bibliographic update, 1986-1995. *Omega*, 33, 147-175.
- Messner, Steven F., Þóroddur Bjarnason og Lawrence E. Raffalovich. Unnatural deaths across the life-cycle: A cross-national, time-series analysis of suicide, homicide, and lethal accidents. Handrit kynnt á 72. ársfundi *Eastern Sociological Society*, Boston, MA, 7.-10. mars 2002.
- Nefnd um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi. 1996. *Könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og tillögur til úrbóta*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Pescosolido, Bernice A. og Robert Mendelsohn. 1986. Social causation or social construction of suicide? An investigation into the social organization of official rates. *American Sociological Review*, 51, 80-101.
- Phillips, David P. 1979. Suicide, motor vehicle fatalities, and the mass media: Evidence toward a theory of suggestion. *American Journal of Sociology*, 84, 1150-1174.
- Rossow, Ingeborg. 1993. Suicide, alcohol, and divorce: Aspects of gender and family integration. *Addiction*, 88, 1659-1665.
- Schmidtke, A. og 24 meðhöfundar. 1999. Suicide rates in the world: Update. *Archives of Suicide Research*, 5, 8- 89.
- Seiden, Richard H. Og Mary Spence. 1984. A tale of two bridges: Comparative suicide incidence on the Golden Gate and San Francisco-Oakland bridges. *Omega*, 14, 201-209.
- Shaffer, David. 1988. : The epidemiology of teen suicide: An examination of risk factors. *Journal of Clinical Psychiatry*, 49, 36-41.

- Simonds, JF, T. McMahon og D. Armstrong. 1991. Young suicide attempters compared with a control group: Psychological, affective, and attitudinal variables. *Suicide and Life-Threatening Behavior*, 16, 313-325.
- Spirito, A., J. Overholser og K. Hart. 1991. Cognitive characteristics of adolescent suicide attempters. *Journal of the American Academy of Childhood and Adolescent Psychiatry*, 30, 604-608.
- Stack, Steven. 2000a. Media impact on suicide: A quantitative review of 293 findings. *Social Science Quarterly*, 81, 957-970.
- Stack, Steven. 2000b. Work and the economy. Bls.193-221 í RW Maris, AL Berman og MM Silverman (ritstj.), *Comprehensive Textbook of Suicidology*. New York: Guilford Press.
- Taylor, Steve. 1982. *Durkheim and the Study of Suicide*. London: Macmillan.
- Van Poppel, Frans og Lincoln H. Day. 1996. A test of Durkheim's theory of suicide without committing the 'Ecological Fallacy'." *American Sociological Review*, 61, 500-507.
- Wilhelm Norðfjörð. 1993. *Sjálfsvígisrannsókn á Austurlandi*. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Wilhelm Norðfjörð. 2001. *Sjálfsvíg ungs fólks á Íslandi: Samanburður á sjálfsvígum á Austurlandi og höfuðborgarsvæði 1984-1991*. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Yang, Bijou. 1992. The economy and suicide: A time series study of the U.S.A." *American Journal of Economics and Sociology*, 51, 87-99.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1994a. Manifest predictors of past suicide attempts in a population of Icelandic adolescents. *Suicide and Life-Threatening Behavior*, 24(4), 350-358.
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. 1994b. Trends in Icelandic suicide rates 1951-1990. *Arctic Medical Research*, 53, 534-536.
- Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson og Guðríður Sigurðardóttir. 1991. Aðgát skal höfð: Um sjálfsvígisbylgjur unglinga. *Ný Menntamál*, 9, 6-11.
- Þóroddur Bjarnason. 1994. The influence of social support, suggestion and depression on suicidal behavior among Icelandic youth. *Acta Sociologica*, 37(2), 195-206.

- Pórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1994. Suicidal ideation and suicide attempts in a population of Icelandic adolescents. *Arctic Medical Research*, 53, 580-582.
- Pórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1998. Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality. *American Sociological Review*, 63, 94-110.